

FORNLEIFASKRÁNING: HÆLL Í GNÚPVERJAHREPPI



SÓLVEIG G. BECK

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2025
FS1051-25242



Á forsíðumynd er horft til norðvesturs yfir Stöðulbala og Holtflöt.

Myndina tók Sólveig G. Beck

Verkefnanúmer MÍ: 3459

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT.....	4
SUMMARY	4
1. INNGANGUR	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
ÁR-279 HÆLL	11
ÁR-671 FORNLEIFAR Á FLEIRI EN EINNI JÖRÐ Í GNÚPVERJAHREPPI	17
5. NIÐURSTÖÐUR.....	20
6. HEIMILDIR.....	27
VIÐAUKI I: HNITASKRÁ ISN93	29

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður deiliskráningar að Hæli í Gnúpverjahreppi á fjórum deiliskráningarreitum sem samtals voru rúmir 9 ha að stærð. Fornleifastofnun Íslands sá um skráninguna fyrir hönd landeigenda. Skráðir voru 11 minjastaðir og voru þeir taldir í miðlungs til mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Um var að ræða eina gamla leið, túngarð, fjárhús, útihús, stekki, sumarfjós, stöðul, bæjarhól og tvær réttir. Aðeins hafa varðveist leifar af gömlu leiðinni þar sem framkvæmdir á 20. öld hafa fjarlægt greinanleg ummerki um þessar minjar á yfirborði.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Hæll, Gnúpverjahreppur.


Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 9 hectare assessment area at Hæll in Gnúpverjahreppur. The Institute of Archaeology in Iceland carried out the survey on behalf of the landowners as part of the planning process for proposed developments in three areas on the property of Hæll I. The survey recorded 11 archaeological sites that might be affected during developments, an old horse track, a field boundary, a sheep house, a small outbuilding, farm mound and three live stock pens. All sites are considered to be at moderate to high risk due to the proposed construction activities but only the horse track is still visible on the surface. Developments in farming practices in the 20th century have removed any clear traces of these sites on the surface.

Keywords: Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Hæll, Gnúpverjahreppur.

1. Inngangur

Í júlí 2025 vann Fornleifastofnun Íslands ses fornleifaskráningu innan fjögurra deiliskipulagsreita að Hæli I í Gnúpverjahreppi. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðra breytinga á deiliskipulagi innan jarðarinnar. Reitirnir þrír sem teknir voru út voru samtals rúmir 9 ha (mynd 1). Reitur B1 er um 130 m² byggingarreitur við bæinn, þar sem þegar eru fyrir skemma og hesthús. Reitur B2 er um 250 m norðan við bæ og nefnist hann Holtsflöt (2 ha). Reitir B3 og B4 eru í sléttuðu túni um 450 m norðan við bæ (um 3 ha) og er honum skipt í Vigdísarflatir og Fríðugilsflatir í deiliskipulagi. Á reitum B2-B4 stendur til að reisa þrjú smábýli. Engin fornleifaskráning hefur áður verið gerð á svæðinu. Skráðir voru 11 minjastaðir úr heimildum í tengslum við umrædda skráningarreiti, en innan reitanna sjást engin skýr ummerki um minjar á yfirborði í dag vegna framkvæmda á 20. öld. Heimildamenn við skráninguna voru Bolette Høeg Koch ábúandi að Hæli I og Ari Einarsson frá Hæli II.



Mynd 1: Yfirlit yfir skráningarreiti 1-4 að Hæli I. Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á Íslandskorti með rauðum punkti. Íslandskort: Landmælingar Íslands. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
SF-175:009	Sveinshlaða	tóft	hlaða		E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hól eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hættu sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hætta og tímabundin hætta. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-279 Hæll

Sögulegar heimildir

1686: 23 hdr 80 ál. Bændaeign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 109.

1695: 20 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 109.

1709: 20 hdr. Bændaeign skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 226.

1847: 20 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 65.

17.10.1481: "Andrés Hauksson og Guðrún Þorleifsdóttir kona hans selja síra Árna Snæbjarnarsyni jörðina alla Hæl í Eystrahrepp, tuttugu hundruð að dýrleika, fyrir tuttugu og fimm hundruð í lausafé," DI VI, 411.

Jarðarinnar er getið í Landnámabók: "Ófeigr féll fyrir Þorbirni jarlakappa í Grettisgeil hjá Hæli." ÍF I, 381.

"Jörðin hefur verið aukin að landrými, fyrst þegar Hlíðargerðið var lagt undir um 1815 og einni 1909, en þá var Háholt að hluta til, eða sem svarar vesturpartinum þar, lagt undir Hælinn," segir í Sunnlenskum byggðum I, 367.

Þrífýli er á Hæli og var Hæll II stofnaður árið 1937 á helmingi jarðarinnar en var skert um þriðjung þegar Hæll III var stofnaður árið 1964 skv. Sunnlenskum byggðum I, 368-369.

"Skógaritak á jörðin í Sandártungu land, í takmörkuðu plátsi, þar sem kallaður eru Hælsróur. Rað er nú gjöreytt orðið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 227.

Árið 1896 voru 8 bæjarhús og 16 peningshús á Hæli. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 2 bæjarhús og 9 peningshús gjörfallin, 5 bæjarhús og 6 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjáltum á Íslandi e. Þorvald Thoroddssen, 173.

Landkostir

Túnakort 1919: Tún 6,84 ha. Holtsflöt 0,75 ha. Aukatún 0,58 ha. Slétt af túnum ca. 9/10. Matjurtagarðar 10,8 arar.

"Enginu spilla smálækir úr brattlendi, sem bera á það aur og grjót. Landþröng er og nýtur ábúandi þolinmæði nábúa sinna, en geldur ei vist fyrir," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 227.

Hæll I: "Landið er samfell með afmörkuðum landamerkjum, um helmingur af Hælsmýri og norðurhluti Háholtsfjalls, vestur um Öxl og Hamar vestur að Stóru-Laxá. Túnin eru að mestu ræktuð úr mýrlendi, sem liggur niður frá bænum. Laxveiði í Stóru Laxá," segir í Sunnlenskum byggðum I, 367.

Hæll II: "Mýrarfláki [...] svokölluð Hælsmýri, liggur suðvestur frá bænum, og fellur helmingur hennar undir Hæl II og III; að öðru leyti liggur landið upp til fjallsins um Höfða og Hælsbrúnir. [...] Nú er mýrin sett þurrkskurðakerfi og túnið að mestum hluta ræktað upp úr henni, en enn er mýrin óbrotin að nokkru," segir í Sunnlenskum byggðum I, 368.

Hæll III: "Ræktun má auka þar verulega og búa á henni snotru búi, þar sem útjörðin, sem er fjalllendi að mestum hluta, virðist taka vel við áburðargjöf, og möguleikar til frekari túnræktar eru fyrir hendi, aðallega úr mýrlendi. Túnið er jöfnum höndum ræktað af mólendi og þurrkaðri mýri," segir í Sunnlenskum byggðum I, 369.

ÁR-279:001 heimild bæjarhóll

A 439402 N 396399

Bærinn er sýndur sunnarlega innan heimatúnsins á túnakorti frá árinu 1919. Afmarkað svæði við bæ, líklega kálgarður, er enn fremur merkt inn á túnakortið. Stafnar bæjarins snéru líklega til suðurs. Bærinn var þar sem núverandi íbúðarhús á Hæli II er staðsett, framarlega á brekku sem hallar niður til suðurs.

Engin ummerki bæjarhólsins sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Mynd 3: Eldri bærinn var þar sem núverandi íbúðarhús á Hæli II er staðsett. Horft til suðurs.

ÁR-279:002 heimild traðir

A 439415 N 396522

Traðir sjást liggja þvert í gegnum heimatúnið (N-S) á túnakorti frá 1919. Þær komu að vesturhlið bæjarins og sveigðu til norðaustur ofan hans.

Þar sem gatan var áður heima við bæ er í dag (2025) skemma og nýlegur malarvegur í norðvesturjaðri bæjarstæðisins. Gatan lá til norðurs meðfram háu grasigrónu holti að vestanverðu þar sem nú er graslendi og sléttað tún.

Engin ummerki eldri traða sjást á yfirborði.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-279:007 heimild túngarður

Túngarður meðfram hluta túns á Holtflöt er merktur inn á túnakort Hælis frá 1919. Holtflöt er um 340 m norðan við bæ 001, fast ofan og austan við héraðsveg 3320. Nákvæm staðsetning túngarðanna er óþekkt.

Á þessu svæði eru malarvegur, ræsiskurðir, uppmokstur og sléttað tún.

Samkvæmt túnakorti var túngarður meðfram túninu að vestan og sunnan verðu. Garðurinn myndaði rétt horn og hefur verið alls um 220 m á lengd, um 120 að sunnan og 100 að vestan. Ekkert sést til leifa af þessu garðlagi á svæðinu líklega vegna vegagerðar og sléttunar.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna



Mynd 4: Þýft graslendi þar sem ekki sjást nein skýr ummerki um túngarð eða túngarðsbrot. Horft til NNA.

ábúðar

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-279:020 örnefni stekkur Gamla-Stekkatún

A 439370 N 396859

"Vestan við Heimriferir er Holtlækur. Vestan við lækinn er Gamla-Stekkatún. Þ.B. segir að hjá því sé Vigdísarrétt [021]," segir í örnefnaskrá (ÞB, SJ og SG). "Stekkatún gamalt (nú náttahagar)," segir í örnefnaskrá (BJ). "Ummerki eftir Gamla-Stekkatúnið sem ég man eftir í æsku minni, þau eru löngu horfin þar sem upphlaðinn vegur var lagður þar yfir fyrir ca. 40 árum," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Ekki er vitað eftir hvaða stekk Gamla-Stekkatúnið er nefnt og engar minjar eða upplýsingar um stekk hafa varðveist svo vitað sé þar sem Gamla-Stekkatún var staðsett um 500 m norðan við bæ 001, við og ofan þjóðveg 3320.



Mynd 5: Ávöl hæð í Gamla-Stekkatúni ÁR-279:020 rétt norðan við Holtlækjargil, horft til suðausturs. Óþekkt er hvar gamli stekkurinn sem túnið er nefnt eftir var staðsettur.

Á þessu svæði er sléttuð tún með framræsluskurði til vesturs og náttúrulegum giljum til suðurs og norðurs sem í dag kallast Fríðugilsflatir. Fast vestan við túnið er malarvegur 3320. Búið er að fylla upp í vesturenda Purragils sem áður skildi líklega á milli Gamla-Stekkatúns og Fríðugilsflata. Í efstu brún túnsins fast norðan Holtlækjargils er stór ávalur hóll rétt vestan við götu ÁR-671:093 en engar heimildir eru til um mannvirki á þessum stað og ekkert sést til fornleifa á yfirborði. Hóllinn gæti verið rústahóll en gæti einnig einungis verið náttúruleg hæð.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll ÞB, SJ og SG, 2; Ö-Hæll BJ, 1; Ö-Hæll Svör, 3

ÁR-279:021 heimild rétt Vigdísarrétt

"Vestan við Heimriferir er Holtlækur. Vestan við lækinn er Gamla-Stekkatún [020]. Þ.B. segir að hjá því sé Vigdísarrétt," segir í örnefnaskrá. "Vigdísarrétt. Mun vera kennd við Vigdísi Gísladóttur sem bjó á Hæli með manni sínum, Gamalíel Gestssyni, 1768 til 1783 og eftir lát hans bjó hún ekkja á Hæli 1784 til 1796," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar.

Í örnefnalagi Landmælinga Íslands er Vigdísarrétt merkt í Gamla-Stekkatúni í samræmi við lýsingar örnefnaskrár um 470 m norðan við bæ 001, fast norðan Holtlækjargils. Nákvæm staðsetning réttarinnar er þó óljós.



Mynd 6: Horft til suðsuðausturs yfir Gamla-Stekkatún þar sem örnefnið Vigdísarrétt ÁR-279:021 er staðsett í örnefnalagi Landmælinga Íslands, rétt norðan við Holtlækjargil og rétt austan og ofan við malarveg 3320. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði á þessum stað.

Á þessu svæði er sléttað tún fast norðan Holtlækjargils og fast vestan við túnið er djúpur og breiður ræsiskurður og malarvegur 3320 (héraðsvegur). Ekkert sést til fornleifa. Í sléttuðu túninu sjást engin skýr ummerki um fornleifar á yfirborði á þessu svæði. Í örnefnaskrá segir um Gamla-Stekkatún að það hafi horfið undir veg. Það sama gæti átt við um Vigdísarrétt en það er ekki vitað.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll ÞB, SJ og SG, 2; Ö-Hæll Svör, 4

ÁR-279:043 heimild stöðull Stöðulbali

"Stórusteinabali er upp frá Slakka og Hólavelli [...], sunnan við Stöðullaut sem nær austan frá Eystrigróf vestur að Holtflöt. [...] Í túninu eru þessi örnefni: [...] Inn frá sundinu [Lambhússundi] gengur Túngróf. Upp frá henni er Magragerði [042]. [...] Niður frá gerðinu kallar Þ.B. Slakkann. Vestan við hann er Stöðulbali (mynd 6). Slakkinn er eiginlega bara fremsta totan á Stöðulbalanum." segir í örnefnaskrá. "Stöðullaut og Stöðulbali eru við túnið á Hæli og kýrnar þar voru mjólkaðar á stöðli og ærnar í færikvíum meðan fært var frá. [...] Fráfærur voru lagðar af á Hæli árið 1914," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Stöðulbali er vestan við hátt holt fast norðan við bæ, um 300 m til norðurs. Nákvæm staðsetning stöðulsins er óljós.

Á þessu svæði er grasgróið og sléttað tún nyrst, en svæðinu hefur verið raskað nokkuð að sunnanverðu vegna framræslu og ræsiskurða. Landið hallar mildilega til suðvesturs.

Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll ÞB, SJ og SG, 8; Ö-Hæll Svör, 3, 5-6



Mynd 7: Horft til norðvesturs yfir Stöðulbala og Holtflöt. Ekki er ljóst hvar stöðull 043 og sumarfjós 044 stóðu nákvæmlega. Hnit 044 var staðsett efst á Holtflöt á suðurbakka Holtlækjargils þar sem er ávalur, sléttadur höll (efst til hægri á mynd) en nákvæm staðsetning mannvirkjanna er óljós. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði á þessu svæði.

ÁR-279:044 heimild sumarfjós/rétt

A 439484 N 396772

"Vestur frá Rosa [fjárhús 066] segir Þ.B. að sé Holtflötin [007]. Þar við er brekka sem alltaf var nefnd Stöðulbalabrekka [...] Áður fyrr stóð sumarfjós í austurbrún Stöðulbalans [043] á móts við Rosa. Fjósið var síðar aflagt en tóftin hagnýtt sem fjárrétt um skeið (Gamlaréttin?)," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning þessa fjóss við Stöðulbala 043 er óljós og ekki er útilokað að sumarfjósið og stöðullinn 043 hafi verið sama mannvirkið. Á þessu svæði er sléttað tún og ræsissskurðir fast norðvestan stórs holts sem er fast norðan og ofan við bæ 001. Hnit 044 var staðsett efst á Holtflöt á suðurbakka Holtlækjargils þar sem er ávalur, sléttaður hóll. Hóllinn gæti verið rústahóll en gæti einnig einungis verið náttúruleg hæð. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll ÞB, SJ og SG, 8.

ÁR-279:054 heimild útihús Skygggnir

"Ofar á túninu er Skjónuleynir og Skygggnisflöt. Hún er eiginlega upp af varpanum," segir í örnefnaskrá. "Skygggnisflöt er nú horfin undir verkfærahús. Þar stóð löngu fyrr lítið torfhús sem var kallað Skygggnir," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Samkvæmt örnefnalagi Landmælinga Íslands var Skygggnisflöt á bæjarstæði 001 um 20 m norðan við núverandi íbúðarhús (myndir 7-8). Nákvæm staðsetning hússins er óljós. Á þessu svæði er nú (2025) sléttað graslendi, malarplan og lítil skemma og hesthús í norðvesturjaðri bæjarholtsins. Gamla leiðin ÁR-671:039_01-02 lá áður frá bæ 001 til norðurs á þessu svæði bæjarholtsins.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði. Á eldri loftmyndum Landmælinga Íslands (1945 og 1977) sést að hús stóðu áður milli bæjar og skemmunnar en þau eru horfin.

Langvarandi hættumat: engin hætta


Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll ÞB, SJ og SG, 8; Ö-Hæll Svör, 6; Loftmyndir LMÍ, 1945 og 1977



Mynd 8: Horft er til SSV yfir skráningarreit B1 fast norðan við skemmuna fyrir miðri mynd. Skemman stendur við Skygggnisflöt í norðurbrún bæjarholtsins. Samkvæmt loftmyndum Landmælinga Íslands frá árunum 1945 og 1977 stóðu áður útihús á flötinni milli skemmunnar og bæjarins (sjá mynd 13). Á þessum

stað er í dag sléttað malarplan og bílastæði og ekki er vitað hvar nákvæmlega Skyggirnir ÁR-279:054 stóð. Í forgrunni sjást leifar af eldri vegi þar sem leiðin lá niður af bæjarstæðinu á þessum stað um miðja 20. öld.



Mynd 9: Á Herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1908 (vinstri) er útihús ÁR-279:065 staðsett í norðurenda holtsins ofan og norðan við bæ, í um 350 m fjarlægð til NNA. Á loftmynd Landmælinga Íslands frá 1945 (hægri) sjást óljósar útlínur þessa húss eða mannvirkis (rauður hringur).

ÁR-279:065 heimild útihús/rétt

A 439580 N 396711

Samkvæmt Herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1908 var útihús 065 um 360 m NNA við bæ 001 í efri brún hás holts fast norðan bæjarins að Hæli 001. Leifar af þessu mannvirki sjást á loftmynd af svæðinu frá árinu 1945 og gæti þá hafa staðið þarna rétt (mynd 8).

Á þessu svæði er holtið sléttað grasigróið tún og brekkur til NNA og norðvesturs. Holtið er nokkuð bratt í endann að norðanverðu.

Ekkert sést til fornleifa á yfirborði vegna sléttunar. Mannvirkið virðist hafa verið um 40x30 m að flatarmáli og snéri norðvestur-suðaustur. Nákvæmt hlutverk mannvirkisins er óljóst en ekki er útilokað að hér sé um að ræða stöðulinn (043) sem Stöðulbali er nefndur eftir.

Langvarandi hættumat: engin hættu

Tímabundið hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort Dana, 47 Skálholt SV; Loftmynd LMÍ, 1945

ÁR-279:066 heimild fjárhús Rosi

A 439549 N 396749

"Stórasteinabali er upp frá Slakka og Hólavelli [...], sunnan við Stöðullaut sem nær austan frá Eystrigróf vestur að Holtflöt. [...] Í túninu eru þessi örnefni: [...] Inn frá sundinu [Lambhússundi] gengur Túngróf. Upp frá henni er Magragerði [042]. [...] Niður frá gerðinu kallar Þ.B. Slakkann. Vestan við hann er Stöðulbali [043]. Slakkinn er eiginlega bara fremsta totan á Stöðulbalanum. Á balanum er hús sem heitir Rosi," segir í örnefnaskrá. "Rosi er fjárhús. Þegar það var í byggingu var óvenju mikil og langvarandi rigingartíð." segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Samkvæmt Ara Einarssyni heimildamanni byggði faðir hans Einar Gestsson (f. 1908), fjárhúsið sem stóð um 370 m NNA við bæ 001 hátt á Stöðulbala (043).

Á þessum stað er sléttað tún og landamerkjagirðing milli Hælis I og II, fast norðan undir háu holti norðan bæjar.

Ekkert sést skýrt til fornleifa á yfirborði á þessum stað vegna sléttunar. Mikill grasvöxtur var á svæðinu við skráningu að ekki er fullljóst hvort hægt er að greina þúst eða ummerki um húsin á yfirborði eftir sléttun.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hæll



Mynd 10: Svæðið þar sem fjárhúsið Rosi ÁR-279:066 stóð. Horft til ANA. Búið er að slétta svæðið svo ekki er hægt að greina skýrar útlínur og nákvæm staðsetning útihússins er óljós.

ÁR-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Gnúpverjahreppi

ÁR-671:093 heimild leið

A 439479 N 396944

Gata ÁR-671:093 lá frá norðanverðu heimatúni Hæls (ÁR-279), í framhaldi af tröðum 002 og beygði til norðvesturs í átt að Hlíðargerði (ÁR-279b). Gatan er einnig merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og þar sést að gatan lá alls um 2,4 km leið frá Hæli (ÁR-279) í suðri framhjá Hlíðargerði (ÁR-279b) að Hlíð (ÁR-280) í norðvestri. Göturnar má sjá skýrt fast austan og ofan við sléttað tún á Fríðugilsflötum um 480 m norðan bæjarins að Hæli.

Utan heimatúns á Hæli lá gata inn með fjallshlíðinni yfir móa og mela. Um miðja 20. var svo lagður malarvegur niður af bæjarstæðinu á sama stað en hann lá til yfir að Hlíðargerði aðeins neðar og vestar þar sem núverandi malarvegur liggur. Enn sést hugsanlega smá bútur af þessum eldri malarvegi þar sem hann lá niður af holtinu.

Ekkert sést til greinilegra gamalla traða 002 í heimatúni Hælis heim að bæ 001. Mikil umferð nautgripa og hesta á beit er meðfram holtinu á þessum stað sem líklega hefur einnig verið sléttað svo ekki er hægt að greina skýr ummerki um gömlu götuna innan túns. Leifar leiðarinnar eru hins vegar mjög skýrar norðan bæjar, fast norðan Holtlækjargils ofan heimatúns. Þar eru margar samsíða hestagötur í um 5 m breiðri og 0,5-1,5 m djúpri, grasigróinni rás meðfram hlíðinni. Götunum var aðeins fylgt að þessu sinni (2025) frá bæ að Fríðugili. Ekki eru nein merki um hleðslur í leiðinni á þessum kafla.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920, Herforingjaráðskort Dana 47 SA, 1908.



Mynd 11: Horft til SSV niður Holtflöt heim að bæ ÁR-279:001. Gamla leiðin ÁR-279:002 sem merkt er inná túnakort frá um 1920 hefur líklega legið í og meðfram holtinu í fjarska upp til norðurs. Meðfram holtinu er nú mikið af nýlegum slóðum vegna umferðar búpenings til og frá bænum á 21. öld.



Mynd 12: Þjóðleið ÁR-671:039 milli Hælis ÁR-279:001 og Hlíðargerðis ÁR-279b:001 sem mæld er inn á Herforingjaráðskort Dana frá árinu 1908. Göturnar liggja gróflega norður-suður meðfram svæði 3 að austanverðu í landi Hælis II.

5. Niðurstöður


Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður deiliskráningar á fjórum skipulagsreitum (1-4, mynd 1) í landi Hælis I í Gnúpverjahreppi. Samanlagt eru reitirnir um 9 ha að stærð. Reitur B1 er um 130 m² byggingarreitur heima við bæ 001, þar sem þegar eru fyrir skemma og hesthús (myndir 13-14). Stækka á skemmuna frekar til norðurs. Reitur B2 (mynd 15) er um 2 ha byggingalóð staðsett um 250 m norðan við bæ sem kölluð er Holtsflöt. Reitir 3-4 er um 3 ha byggingalóð í sléttuðu túni um 450 m norðan við bæ og er henni skipt í Vigdísarflatir og Fríðugilsflatir í deiliskipulagi. Á reitum 2-4 stendur til að reisa þrjú smábýli. Engin fornleifaskráning hefur áður verið gerð á svæðinu. Skráðir voru 11 minjastaðir úr heimildum (tafla 1) í tengslum við umrædda skráningarreiti, en innan reitanna sjást engin skýr ummerki um minjar á yfirborði í dag vegna framkvæmda á 20. öld.

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan skráningarreitanna þriggja.

Samtala	Sérheiti	Reitur	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin vegna	Hættumat
ÁR-279:001		-	heimild	bæjarhóll	ekki sést til	rasks	hætta
ÁR-279:002		2	heimild	traðir	ekki sést til	rasks	mikil
ÁR-279:007	Holtflöt	2	heimild	túngarður	ekki sést til	rasks	mikil
ÁR-279:020	Gamla-Stekkatún	3	örnefni	stekkur	ekki sést til	óþekkt	mikil
ÁR-279:021	Vigdísarrétt	3	heimild	rétt	ekki sést til	sléttunar	mikil
ÁR-279:043	Stöðulbali	2	heimild	kvíar	ekki sést til	óþekkt	mikil
ÁR-279:044		2	heimild	sumarfjós/ rétt	ekki sést til	sléttunar	mikil
ÁR-279:054	Skyggirnir	1	heimild	útihús	ekki sést til	húsbygginga	hætta
ÁR-279:065		2	heimild	útihús/rétt	ekki sést til	sléttunar	hætta
ÁR-279:066	Rosi	2	heimild	fjárhús	ekki sést til	sléttunar	mikil
ÁR-671:093		1-3	gata	leið	vel greinanleg		hætta

Reitur B1 er staðsettur fast norðan við standandi skemmu í norðurjaðri bæjarstæðis 001 (myndir 1 og 14). Engar minjar eru varðveittar innan eða í næsta nágrenni reitsins. Gamli vegurinn frá bæ til norðurs lá um bæjarstæðið á þessu svæði rétt austan við skemmuna en ekkert sést þar til gamalla gatna eða traðar í dag vegna vegagerðar og sléttunar.


Samkvæmt heimildum var hugsanlega gamalt útihús sem kallaðist Skyggfir (ÁR-279:054) á þessu svæði á svokallaðri Skyggfisflöt. Þegar svör við spurningum um örnefni bæja eru skráð á seinni hluta 20. aldar er Skyggfir horfinn vegna verkfæraskemmu en hvar hún stóð er óljóst. Samkvæmt túnakorti og gömlum loftmyndum virðast öll útihús heima við bæ hafa verið á bæjarstæðinu sunnan við nústandandi skemmu utan svæðis, ásamt einum bragga sem stóð um tíma nokkuð norðar svo ólíklegt er að Skyggfir hafi staðið nálægt reit 1.



Mynd 13: Reitir B1 (blágrænn kassi) er fast norðan við skemmu og hesthús rétt norðan við bæ ÁR-279:001. Reiturinn er hér felldur yfir loftmynd frá árinu 1945 í eigu Landmælinga Íslands og eru skuggar bæjarhúsanna að Hæli fyrir miðri mynd. Skyggfir var lítið útihús ÁR-279:054 á Skyggfisflöt en nákvæm staðsetning þess er óþekkt. Á seinni hluta 20. aldar er Skyggfir horfinn undir verkfæraskemmu en hvar hún var er óljóst. Á þessari mynd sést óljóst hvar vegurinn lá frá bæ til NNV þar sem reitur 1 er staðsettur.



Mynd 14: Gamli malarvegurinn heim að Hæli lá til NNV niður af bæjarstæðinu um miðja 20. öld þar sem reitur B1 er staðsettur.




Mynd 15: Reitur B2 nær yfir Stöðulbala og Holtflöt. Samkvæmt ábúanda stóð fjárhúsið Rosi ÁR-279:066 rétt utan við reitinn til norðausturs. Túngarður 007 var meðfram Holtflöt að sunnan og austan en nákvæm staðsetning þeirra er óljós. Á þessu svæði voru einnig stöðull (043) og sumarfjós (044) en nákvæm staðsetning þeirra er óljós. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði innan reitarins.

Reitur B2 er í sléttuðu túni fast vestan undir háu holti sem er fast norðan við bæjarstæðið að Hæli (mynd 15). Samkvæmt túnakorti Hælis frá 1919 var túngarður (ÁR-279:007) í stakstæðu túni sem kallaðist Holtflöt sem var að hluta innan þessa svæðis. Engin ummerki sjást um hann á svæðinu í dag og nákvæm staðsetning er óljós. Líklegt er talið að hann sé horfinn vegna sléttunar og vegagerðar. Stöðulbali er einnig innan þessa svæðis. Í tengslum við balann voru einnig skráðar heimildir um fjögur mannvirki: stöðul (ÁR-279:043), sumarfjós (ÁR-279:044), rétt (ÁR-279:065) og fjárhús frá miðri 20.öld sem kallaðist Rosi (ÁR-279:066). Ekki er vitað hvar stöðullinn stóð og lýsingar í örnefnaskrá eru óljósar. Samkvæmt ábúanda stóð Rosi 066 rétt utan svæðis til norðausturs og á Herforingjaráðskorti Dana frá árinu 1908 var mannvirki eða rétt 065 einnig líklega á svipuðum stað utan svæðis til austurs. Samkvæmt örnefnalýsingum var sumarfjós (seinna rétt) á Stöðulbala gegnt Rosa, en nákvæm staðsetning er óljós. Ekki er útilokað að sumarfjós 044 og stöðull 043 hafi verið sama mannvirkið, ef ekki jafnvel sama og mannvirki 065, en það er óstaðfest. Gamla gatan (ÁR-279:002) frá bæ til norðurs inn í land lá líklega einnig skáhallt yfir miðjan reit B2 í átt að Holtlækjargili. Ekkert sést skýrt til fornleifa á yfirborði í norðurhluta reitsins vegna sléttunar og rasks og hafa þarf því varann á við framkvæmdir, sérstaklega í norðurhluta svæðisins.

Reitir 3-4 eru svo fast norðan við Holtlækjargil um 450 m norðan við Hæli I (mynd 15). Samkvæmt heimildum var Gamla-Stekkatún (ÁR-279:020) hluti af suðurenda reits 3 og í næsta nágrenni gamla túnsins stóð á 18. öld áður svokölluð Vigdísarrétt (ÁR-279:021). Samkvæmt örnefnaskrá var Gamla-Stekkatún að hluta fjarlægt vegna vegavinnu við gerð héraðsvegar 3320. Ekki er vitað eftir hvaða stekk túnið er nefnt eða hvar stekkurinn og réttin voru staðsett. Ekkert sést til fornleifa á yfirborði á svæðinu í dag vegna sléttunar og vegagerðar á 20. og 21. öld. Hugsanlegt er að minjar séu horfnar vegna vegagerðar en þó er einnig hugsanlegt að þær leynist undir sverði. Hafa þarf því varann á við framkvæmdir innan reitar 3, helst þó á svæðinu milli þar sem áður var Þurragil og Holtlækjargils (sjá myndir 16 og 17). Í tengslum við reitinn var einnig skráð leið ÁR-671:093 en hún er varðveitt að hluta rétt utan svæðis til austurs (mynd 16).

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda (tafla 1). Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Minjarnar voru allar metnar í stórhættu vegna framkvæmdanna fyrir utan leið ÁR-671:093, Skyggni ÁR-279:054 og mannvirki ÁR-279:065 sem eru utan svæðis og voru því aðeins metin almennt í hættu.



Mynd 16: Reitir B3 og B4 eru hér felldir yfir loftmynd Landmælinga Íslands frá árinu 1977. Búið er að fylla uppí vestanvert Þurragil, sem áður skildi af Gamla-Stekkatún og Fríðugilsflatir (sjá myndir 1 og 17). Meðfram túninu að vestan er héraðsvegur 3320.



Mynd 17: Reitir B3ö og B4 eru í sléttuðu túni fast norðan Holtlækjargils. Horft er til suðausturs í átt að gílinu yfir það sem áður var Gamla-Stekkatún 020. Efst í túninu í suðausturhorni reitsins, á svæði sem var áður milli Holtlækjargils og Þurragils, er ávalur, sléttaður hóll.

Helgunarsvæði fornleifa er 15 m og hafa þarf það í huga við fyrirhugaðar framkvæmdir. Almennt er hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfistíganleg og er hættumatinu fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá hér að ofan (kafli 4). Ef það reynist óhjákvæmilegt að raska minjunum vegna framkvæmda er það Minjastofnunar að ákveða hvort og með hvaða skilyrðum fornleifarnar mega víkja.

6. Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

ÍF I: *Íslensk fornrit I*, 1987. Íslendingabók/Landnámabók. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. II bindi. 1918-1921. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

SB I: *Sunnlenskar byggðir I*, 1986. I. bindi. Tungur, Hreppar, Skeið. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Þorvaldur Thoroddsen, 1899-1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Kortasjá Landmælinga Íslands, 2025. Aðgengileg á: <https://kortasja.lmi.is/mapview/>

Loftmyndasjá Náttúrufræðistofnun, 2025. Aðgengileg á:

<https://loftmyndasja.gis.is/mapview/>

Herforingjaráðskort Dana, 1908. Aðgengileg 2025 á: <https://islandskort.is>

Túnakort 1919: Túnakort Hælis. Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Hæll: Örnefnaskrá Hælis, Gísli, Einar og Steinþór Gestssynir frá Hæli skráðu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Ö-Hæll PB: Örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Ö-Hæll BJ: Örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Ö-Hæll Svör: Svör við spurningum um Örnefnaskrá Þorsteins Bjarnsonar, Steinþór Gestsson, 1998. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 og minjakort

Samtala	Verknr. MÍ	A	N
ÁR-279:001	3459_01	439402	396402
ÁR-279:002	3459_11	439415	396522
ÁR-279:020	3459_03	439469	396891
ÁR-279:021	3459_04	439404	396859
ÁR-279:043	3459_05	439472	396702
ÁR-279:044	3459_06	439460	396668
ÁR-279:054	3459_07	439391	396433
ÁR-279:065	3459_08	439580	396711
ÁR-279:066	3459_09	439549	396749
ÁR-671:039	3459_10	439397	396459



279020

671093

279044

279066

279065

279002

279001

50

100

150

200 m



279002

279001

0

50

100

150

200 m

Tim: 6.50
sluttat
10000